

MATTA

Mött innimálning



- Gerð:** Vatnsþynnt mött akrýlmálning.
- Notkunarvið:** Ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. pússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.
- Eiginleikar:** Mött akrýlmálning sem gefur jafna og fallega áferð. Auðveld í notkun með góða viðloðun og þekur vel.

Inniheldur hágæða 100% hreint akrýlbindiefni sem veitir málningunni þvottveldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastmálningu. Umhverfisvæn málningin sem er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.



Varan uppfyllir kröfur:
BREEAM International New Construction 2016
-Hea 2: Interior paints and coatings - Exemplary level

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	HVÍTUR, STOFN A og STOFN C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Matt (5)
Efnisnotkun:	8-10 m ² /l
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Áhöld:	Pensill, rúlla eða sprauta.
Purrktími og yfirmálun:	Snertipurrt eftir um 1 klst. Yfirmálun eftir 2-4 klst eftir aðstæðum.
Eðlismassi:	1,3-1,5 g/ml
Purrefni (rúmmál):	Um 40 %
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Eftir opnun skerðist geymsluþol.
VOC:	VOC: Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk fyrir þessa vöru (fl. A/a) 30 g/l. Varan inniheldur að hámarki 1 g/l

VERKLÝSING

- Notkunar aðstæður:** Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð.
- Undirbúningur:** Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málnun. Gljáandi, laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Grunnið með Fylligrunni eða öðrum viðeigandi grunni. Áður málaða fleti skal þrifa með Málningarhreinsi og skola vandlega með vatni.
- Málun:** Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum.
- Þynnir:** Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.
- Umhverfi:** Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgangum og tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Athugið:** Full þvottheldni næst eftir 4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.